

Reykjavík 26. október 2021

Efni: Veiðihús á leigu í almennum gisti- og veitingahúsarekstri – viðbótarbréf

Samtök ferðapjónustunnar – SAF vísa í bréf samtakanna frá 14. júní sl. um veiðihús á leigu í almennum gisti- og veitingahúsarekstri. Með bréfi þessu fylgja nokkur skjöl til að varpa betri sýn á af hverju rekstur veiðihúsa í almennri gisti- og veitingapjónustu skekkir samkeppnisstöðu þeirra sem eru eingöngu í slíkum rekstri.

Rekstrarumhverfi veiðihúsa gerir þeim kleift að nýta einokunarstöðu sína, á veiðitímabilinu, til að greiða niður samkeppnisreksturinn utan veiðitímabilsins og bjóða þar með uppá þjónustu á lægra verði, eingöngu til að skekkja samkeppnisstöðuna. Núverandi umhverfi er byrjað að vinna gegn heilbrigðum starfsskilyrðum í gisti- og veitingapjónustu sem þarf að vera samkeppnishæf á alþjóðamarkaði. Ein tegund fyrirtækja fær ívilnun en hin ekki og því er þessi umframstaða veiðihúsa að skemma fyrir rekstrarskilyrðum fyrirtækja í gisti- og veitingahúsarekstri og gerir það að verkum að fyrirtækin eru ekki að starfa á jafnræðisvettvangi.

Fylgiskjal eitt er sameiginleg yfirlýsing rekstraraðila í gistiþjónustu á Borgarfjarðarsvæðinu. Þar greina rekstraraðilar í gisti- og veitingarþjónustu frá því að *aðilar, sem njóta sérstöðu hvað rekstur varðar líkt og veiðihús, stundi samkeppni við almenna heilsárs gisti- og veitingapjónustu er óeðlilegt og virðist fela í sér samkeppnishindranir.*

Vandamálið er stórt

SAF vilja einnig benda á skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands sem kom út í október 2018, *skýrsla nr. C18:07. Virði lax- og silungsveiða.*¹

Skýrslunni var ætlað að meta efnahagslegt virði stangveiða. Í skýrslunni er farið yfir tekjur af lax- og silungsveiðum, mat á greiðsluvilja og ábata veiðimanna og heildarvirði auðlindarinnar. Hér verða niðurstöðu skýrslunnar ekki tíundaðar. Heldur viljum við beina athyglinni að kafla 4.4. sem ber heitið *Kostnaður og fjárfestingar veiðifélaga*. Þar kemur m.a. fram:

„Á Íslandi eiga veiðifélög og aðrir veiðiréttarhafar að minnsta kosti 177 veiðihús og leigutakar og aðrir eiga 30 hús. Í þessum veiðihúsum eru um 1.500 svefnpláss. Fjárfest hefur verið fyrir milljarða króna í veiðihúsum á nýliðnum árum. Frá aldamótum hafa mörg veiðifélög ráðist í smíði nýs veiðihúss eða í verulegar endurbætur. Dýrustu veiðihúsin

¹ https://angling.webdev.is/wp-content/uploads/2020/06/Skra_0078939-1.pdf

kosta hundruð milljóna króna. Árið 2017 voru reist a.m.k. sex ný veiðihús (eða mjög kostnaðarsamar viðbyggingar), fyrir um 700 milljónir kr.“

Þessi orð gefa það til kynna að umfang þessa rekstrar er gríðarlegt. Sérstaklega ef lagabreytingin sem gerð var á lögunum um lax- og silungsveiði er skoðuð í þessu samhengi. Ljóst er að sú lagabreyting hefur virkað hvetjandi í að auka fjárfestingu veiðifélaga og þá með það að markmiði að um heilsárs veitinga- og gistirekstur verði að ræða að verulegu leiti.

Líkt og kemur fram í þessari skýrslu þá er alveg ljóst að vandamálið er miklu stærra en bara nokkur félög. Veiðifélög á landinu eru fjölmörg og reka fjöldan allann af veiðihúsum sem eru notuð sem gististaðir utan veiðitíma í beinni samkeppni við veitinga- og gististaði. Veiðifélögin leigja því húsin út á grundvelli einokunar á veiðitíma og sá tími greiðir svo niður veitinga- og gistireksturinn sem er í beinni samkeppni við aðra í veitinga- og gistirekstri utan veiðitíma. Samkeppnisstaðan er því skökk.

Í meðfylgjandi, fylgiskjali 2 og 3, eru tölur teknar úr ársreikningi Veiðifélags Grímsár og Tunguár. Þar kemur fram að á þeim tíma sem veiðihúsið var leigt út utan veiðitímans og rekið sem sveitahótel, var það gert með tapi fyrir veiðifélagið og rýrði arðsemi félagsmanna. Einnig fylgir afrit úr ársreikningi 2019, fylgiskjal 3, þar sem fram kemur að gjöld eru umfram tekjur hvað rekstur veiðihússins varðar.²

Því er alveg ljóst að einokun veiðifélaga almennt er að hjálpa þeim að geta staðið í rekstrinum utan veiðitíma. Einnig er í meðfylgjandi, fylgiskjal 4, umfjöllun um gistihúsarekstur sem birtist í skýrslu KPMG í nóvember 2019.³ Allar þessar tölur ýta undir það að taprekstur veiðihússins þá mánuði sem eru utan veiðitímabils sé niðurgreiddur með sölutekjum laxveiðileyfa.

Það er hægt að setja spurningarmerki við það hvort að veiðifélög séu að uppfylla skilyrði laganna, í 37. gr. laga um lax- og silungsveiði, að rekstur gisti- og veitingarekstur utan veiðitíma sé að ráðstafa eignum veiðifélaga utan veiðitíma með sem arðbærustum hætti fyrir félagsmenn. Það eru nefnilega fá ef nokkur dæmi þess að gisti- og veitingarekstur utan háannar úti á landi sé arðbær. Meiri líkindi er til þess að slík fjárfesting og rekstur veiðihúsa utan veiðitíma sé að rýra arðsemi veiðifélagga og uppfylla því ekki forsendur ákvæðisins um arðbærustum hætti fyrir félagsmenn.

SAF vilja ítreka fyrri umfjöllun í bréfinu frá því 14. júní sl. í kaflanum; *Af hverju er samkeppnisstaðan skökk?*

Ljóst er að veiðihús eru í samkeppnisrekstri við aðra aðila í veitinga- og gistipjónustu utan veiðitímans. Innan veiðitímans eru þau með einokunarstöðu enda er veiðimönnum í flestum tilvikum skylt að kaupa bæði gistingu og veitingar af veiðifélögum eða leigutaka veiðisvæðisins við kaup á veiðileyfum.

Starfsemi veiðihúsa er því stunduð í skjóli opinbers „einkaleyfis eða verndar“ í skilningi 14. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005, enda feli lögbundið hlutverk veiðifélaga í sér slíka vernd. Samkeppnisrekstur megi ekki niðurgreiða sé um að ræða starfsemi sem njóti einkaleyfis eða verndar. Í þessu tilviki verði að telja að rekstur á veiðitíma og sala veiðileyfa sé nýtt til að niðurgreiða starfsemi utan veiðitímabils. Enda virðist það sjónarmið liggja að baki leigusamningi veiðihússins yfir vetrarmánuðina að ódýr leiga skapi leigutaka tækifæri til að skapa sér viðbótartekjur. Með því að blanda saman samkeppnisrekstri og rekstri

² Hér er linkur á veiðihús Grímsár og Tunguár, <http://www.salir.is/index.php/is/skoda/455>

³ https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/tolur_utgafur/Skyrslur/alexander-november.pdf

fiskisvæðisins á þennan hátt séu skapaðar óeðlilegar samkeppnisforsendur. Felist í þessu samkeppnishamlanir í andstöðu við bannákvæði IV. kafla, sbr. 1. og 10. gr. samkeppnislaga, sem auki á ólögsmæti þeirrar ráðstöfunar að stunda almennan veitinga- og gistirekstur í veiðihúsi félagsins utan veiðitímans. Því verður að segja að rekstur heilsárs gisti- og veitingaþjónustu í veiðihúsum virðist fela í sér samkeppnishindranir.

Rekstur fiskisvæðis sem grundvallast á skylduaðild landeigenda byggir á allt öðrum forsendum heldur en fjárfesting í gisti- og veitingarekstri til heilsárs rekstrar í samkeppnisumhverfi. Skortur á gisti- og veitingaaðstöðu var upphafleg forsenda fyrir byggingu veiðihúsa. Þær forsendur eru löngu brostnar og fjölbreytt gisti og veitingaaðstaða í boði um land allt. Það hlýtur að vera ósanngjarnt að veiðifélag sem byggir að uppistöðu á lögvernduðum öflugum tekjustofni, beiti sér í samkeppnisrekstri veitinga- og gistiþjónustu án þess að rekstarleg útkoma samkeppnis þáttarins liggi skýrt fyrir.

Sveitarfélög og deiluskipulög

Meðfylgjandi, fylgiskjal 5, eru samskipti rekstraraðila í veitinga- og gistaþjónustu við lögfræðing og sviðsstjóra stjórnslu- og þjónustusviðs Borgarbyggðar. Þar svarar sviðsstjórinn ákveðnum spurning varðandi umsagnir sveitarfélagsins varðandi rekstarleyfi fyrir gisti- og veitingarekstur sem er á landbúnaðarsvæði Veiðifélags Grímsár og Tunguár. Í svarinu kemur skýrt fram að flest öll veiðihús Borgarbyggðar séu byggð sem veitinga- og gistiheimili og séu flest á skilgreindum landbúnarsvæðum samkvæmt aðalskipulagi. Veiðihús fá því veitt rekstarleyfi til heilsárs veitinga- og gistireksturs þrátt fyrir að uppfylla ekki kröfu um að starfsemi sé á deiliskipulögðu svæði fyrir verslun og þjónustu þó slík krafa sé t.d. gerð til þeirra sem sækja um samskonar leyfi en reka ekki veiðihús. Með því er verið að hygla veiðihúsum enn frekar.

Réttast væri að veiðifélög sem ákveða að byggja hús eða reka, til almennrar veitinga- og gististarfssemi í samkeppnisrekstri, væru skyldug til að slíkur rekstur væri í aðskildu félagi. Þar með væri hægt að sjá hvort slíkur rekstur væri að uppfylla þær kröfur laganna sem lagabreytingin væri að ná fram að notkun utan veiðitíma stuðli að aukinni arðsemi fyrir aðildarfélag.

Virðingarfyllst

F.h. Samtaka ferðaþjónustunnar

Baldur Sigmundsson, lögfræðingur

Gunnar Valur Sveinsson, verkefnastjóri